

Peningamál 2020/3¹

COVID-19-heimsfaraldurinn og aðgerðir stjórnvalda til að hemja útbreiðslu farsóttarinnar hafa haft gríðarleg áhrif á heimsbúskapinn. Áætlað er að landsframleiðsla í helstu viðskiptalöndum Íslands hafi dregist saman um tæplega 13% á öðrum fjórðungi ársins sem er mesti samdráttur á einum fjórðungi frá upphafi mælinga. Vísbendingar eru um að alþjóðleg efnahagssumsvif hafi sótt nokkuð í sig veðrið er leið á fjórðunginn en horfur fyrir seinni hluta ársins hafa versnað miðað við maíspá *Peningamála* enda hefur faraldurinn víða færst í aukana á ný.

Þegar var tekið að hægja á innlendum efnahagssumsvifum áður en farsóttin barst til landsins og mældist liðlega 1% samdráttur milli ára á fyrsta fjórðungi ársins. Áhrifa faraldursins á efnahagssumsvif tók að gæta undir lok fjórðungsins og jukust þau enn frekar í apríl. Vísbendingar eru hins vegar um að innlend eftirspurn hafi sótt nokkuð í sig veðrið í maí og júní þegar farsóttin tók að ganga niður og slakað var á umfangi sóttvarnaaðgerða. Þrátt fyrir það er útlit fyrir að landsframleiðslan hafi dregist saman um tæplega 11% milli ára á öðrum fjórðungi ársins. Það er minni samdráttur en spáð var í maí og vegur þar þyngst að neysluútgjöld heimila gáfu ekki eins mikið eftir og þá var óttast. Þótt horfur fyrir seinni hluta ársins séu heldur lakari en spáð var í maí er talið að landsframleiðslan dragist saman um 7,1% á árinu öllu í stað 8% samdráttar sem gert var ráð fyrir í maí.

Vegna hagstæðari þróunar efnahagsmála á fyrri hluta ársins hefur atvinnuleysi ekki aukist eins mikið og óttast var í maí en hlutabótaleið stjórnvalda, minnkandi atvinnuþátttaka og fjölgun hlutastarfa hafa einnig átt þátt í því að atvinnuleysi jókst minna en ella. Þrátt fyrir það er talið að atvinnuleysi haldi áfram að aukast og nái hámarki í um 10% undir lok ársins. Líkt og í maí er spáð ágætum hagvexti á næsta ári enda er þjóðarbúið að vaxa úr mikilli lægð í ár og framleiðsluþættir því vannýttir. Þrátt fyrir það er áætlað að landsframleiðslan verði ekki jafn mikil og hún var í lok síðasta árs fyrr en seint á árinu 2023. Horfur eru hins vegar afar óvissar og munu ekki síst ráðast af framvindunni í baráttunni við farsóttina en í spá bankans er gert ráð fyrir að ekki verði verulegt bakslag í þróun farsóttarinnar þótt ekki sé útilokað að tímabundin og afmörkuð dæmi aukinna smita komi reglulega upp.

Verðbólga var 2,5% á öðrum fjórðungi þessa árs en var komin í 3% í júlí. Þar vegur líklega þungt að gengi krónunnar er nú um 14% lægra en á sama tíma í fyrra. Þrátt fyrir það hafa verðbólguvæntingar til meðallangs og langs tíma lítið breyst. Horfur eru á að verðbólga verði um 3% að meðaltali það sem eftir lifir árs en mikill slaki í þjóðarbúinu og lítil alþjóðleg verðbólga gera það að verkum að hún tekur að hjaðna á næsta ári og verður hún um 2% að meðaltali á seinni hluta spátímans. Þetta er meiri verðbólga á fyrri hluta spátímans en spáð var í maí enda upphafsstaðan lakari og slakinn minni nú en áður var talið.

1. Greiningin sem hér birtist byggist á mati bankans á þróun efnahagsmála frá útgáfu *Peningamála* 2020/2 í maí sl. og þeirri uppfærðu spá sem hér er birt. Hún er byggð á gögnum sem lágu fyrir upp úr miðjum ágúst. Áhættumat uppfærðrar spár byggist á áhættumati maíspárinnar. Vegna mikillar óvissu um áhrif COVID-19-farsóttarinnar á efnahagshorfur eru, eins og í maí, birtar spár um færri efnahagsstærðir en að jafnaði.